

Hverfisráð Miðborgar

Ár 2015, fimmtudaginn 12. febrúar var haldinn 113. fundur Hverfisráðs Miðborgar. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og hófst kl. 17:00. Viðstödd voru Svafar Helgason, sem stýrði fundi og Sindri Snær Einarsson. Júlíus Vífill Ingvarsson og Elsa Hrafnhildur Yeoman boðuðu forföll og sátu Kári Sölmundarson og Ragnheiður Axel Eyjólfssdóttir fundinn sem varamenn í þeirra stað. Áslaug Friðriksdóttir boðaði forföll. Sverrir Þórarinn Sverrisson formaður Íbúasamtaka Miðborgar og Hekla Baldursdóttir frá ungmennaráði Miðborgar og Hlíða sátu fundinn sem áheyrnarfulltrúar. Jafnframt sátu fundinn Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða og Sigríður Arndís Jóhannsdóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð. Gestir við lið 1 voru Hildur Gunnarsdóttir, Jón Kjartan Ágústsson og Eva Huld Friðriksdóttir frá umhverfis- og skipulagssviði.

Þetta gerðist:

1. Erindi frá Umhverfis- og skipulagssviði vegna Grettisgötu 9A og 9B. Hildur Gunnarsdóttir og Borghildur Sölvey Sturludóttir kynntu tillögu að breytingum á deiliskipulagi.
Sindri Snær Einarsson mætti kl. 17:30
Frestað.

Samþykkt að fá fulltrúa frá USK á næsta fund til þess að kynna þróun bílastæða í miðborginni undanfarin ár og stefnu í bílastæðamálum.
2. Erindi frá bílastæðanefnd Reykjavíkur vegna endurskoðunar á reglum um bílastæðakort íbúa í Reykjavík.
Frestað.

Óskað er eftir að fá fulltrúa frá bílastæðanefnd á næsta fund með frekari upplýsingar um hverjar eru breytingar frá fyrri reglum og markmiðið með breytingunum.
3. Kynnt boð frá frístundamiðstöðinni Kampi um að hverfisráðsmenn komi í heimsókn þangað á vormánuðum 2015.
Óskað er eftir því að halda fund hverfisráðs þann 26.mars í Þverholti 14 í nýju húsnæði Kamps.
4. Formaður Íbúasamtaka Miðborgar ræddi mál samtakanna.
5. Framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvarinnar sagði frá breytingum í yfirstjórn velferðarsviðs.

Fundi slitið kl. 19:05

Svafar Helgason

Sindri Snær Einarsson
Ragnheiður Axel Eyjólfssdóttir

Kári Sölmundarson